

# Lykilskilaboð til sýklafræðinga

## Verkefni

- Verkefni ykkar hvað varða bættu notkun á sýklalyfjum eru m.a. [31,98-100] [samhljóða sérfræðiálit]:
  - Seta í stýrihópi um sýklalyf, sem lykilaðili;
  - Vinna með sérfræðingi í smitsjúkdómum og lyfjafræðingi sjúkrahússins við að koma á áætlun um stjórnun sýklalyfja;
  - Styðja við gagnreyndar leiðbeiningar sjúkrahússins um sýklalyf vegna algengra sýkinga og fyrir varnandi sýklalyfjagjöf fyrir skurðaðgerðir.
  - Tímanleg greining og tilkynning á niðurstöðum (t.d. á blóðræktunum) og sýklalyfjanæmisprófum;
  - Láta meðferðarlækni fljótt vita af mikilvægum niðurstöðum;
  - Kynna gögn með þeim hætti að þau stuðli að skynsamlegri notkun sýklalyfja, t.d. með því að senda læknum markvisst takmarkaðan fjölda næmisprófsniðurstaðna;
  - Veita leiðbeiningar um viðeigandi sýnatökur, innleiða skilmerki til að hafna sýnum sem eru send inn með ófullnægjandi hætti og innleiða aðgerðir sem takmarka mengun í ræktunum (t.d. blóðræktunum);
  - Leiðbeina við hefðbundnar sýklalyfjameðferðir með því að veita sjúkrahúsinu og viðeigandi deild (t.d. bráðadeild eða gjörgæsludeild) gögn um sýklalyfjanæmi;
  - Greina varhugaverða þróun á sýklalyfjaónæmi á sjúkrahúsinu og láta stýrihópa um sýklalyf og sýkingavarnir vita af slíkum breytingum.
  - Stjórna lyfjaforskriftasafni sjúkrahússins fyrir sýklalyf (þ.e. lista yfir lyf í boði fyrir útgefendur lyfseðla).

## Atriði sem þú getur gert, eða átt í samstarfi um

- Veita leiðbeiningar um sýnatökur, -geymslu og -flutning [98,99].
- Ganga úr skugga um að prófanir á rannsóknastofu og svör á sýklalyfjanæmi taki mið af viðmiðunarleiðbeiningum (þ.m.t. valbundin skrásetning) og láta fylgja með viðeigandi athugasemdir eða túlkun ef þörf krefur [31].
- Ganga úr skugga um að niðurstöður greininga og næmisprófa fyrir sýklalyf skili sér til útgefanda lyfseðla, hjúkrunarfræðinga og stýrihóps um sýklalyf, sérstaklega mikilvægar niðurstöður (t.d. blóðræktun) [98-100].
- Ganga úr skugga um að prófanir og svörun á niðurstöðum sýklarannsóknna fylgi evrópskum og landlægum viðmiðum (þ.e. European Committee on Antimicrobial Susceptibility Testing - EUCAST) [31].
- Miðla gögnum um sýklalyfjaónæmi á sjúkrahúsum og deildum og tilkynna um ónæmispróanir til stýrinefndar um sýklalyf og teymisins um sýkingavarnir[101].

7. Veita útgefendum lyfseðla á sjúkrahúsinu reglulega fræðslu um sýklalyfjaónæmi, skyndipróf og greiningarpróf á staðnum [31,53].